



## FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í GARÐABÆ

### 1. FUNDUR Á MIÐÖNN 2022-23, MIÐVIKUDAGINN 23. NÓVEMBER KL. 11:15

#### 1. Bréf til skólaráðs

##### A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 97% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

##### B. Önnur bréf:

Umsókn um undanþágu á einingum í íþróttum var vísað til kennslustjóra íþróttanna. Umsókn um undanþágu frá dönsku til stúdentsprófs var samþykkt. Tveimur umsóknum um áfanga í fjarnámi á miðönn var hafnað.

#### 2. Félagslíf og fjármál NFFG

Framundan er Salsaball í þessari viku. Miðasala í fullum gangi og NFFG búið að skreyta skólann fallega og vera með ýmsa viðburði tengda ballinu í vikunni. Nokkrir framh.sk. voru með sameiginlegt knattspyrnumót um síðustu helgi og var þátttaka mjög góð og mikil stemming.

#### 3. Önnur mál

Umræða skapaðist um að halda eina dimission á ári að vori fyrir einn árgang þ.e. þá sem útskrifast að vori og svo haust og miðönn á eftir. Umhverfisvika verður haldin eftir tvær vikur og lagt var til að senda kennurum kyningarefni um flokkun sem yrði notað í öllum kennslustundum í ákveðnum stokki í stundatöflu.

Fundinn sátu:

Aðalheiður Þorsteinsdóttir fulltrúi kennara

Andri Bergmann Ísaksen forseti NFFG

Auður Sigurðardóttir náms-og starfsráðgjafi

Berglind M. Valdimarsdóttir forvarnafulltrúi

Dagný Hulda Broddadóttir náms-og starfsráðgjafi

Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri

Íris Hvanndal Skaftadóttir, umhverfisfulltrúi

Kristinn Þorsteinsson skólameistari

Kristín Helga Ólafsdóttir áfangastjóri

Máni Þór Guðmundsson fjármálastjóri NFFG

Sigrún Fjóra Hilmarsdóttir fulltrúi kennara

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari

Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi